



Leikskóli Húnaþingabyggða Foreldrahandbók



Efnisyfirlit


Efnisyfirlit	1
Símanúmer	1
Kæru foreldrar/forráðamenn	2
Inngangur.....	2
Starfsgrundvöllur	2
Opnunartími leikskólans.....	3
Skólasókn	3
Foreldrasamvinna	4
Upplýsingar til foreldra	4
Leikskólagjöld	4
Fatnaður	5
Afmæli	6
Íþróttaskóli.....	6
Samstarf milli skólastiga	6
Öðruvísi dagar	6
Foreldrafélag.....	6
Starfsreglur Foreldrafélags Leikskóla Húnabyggðar	6
Foreldraviðtöl	8
Veikindi og lyfjagjöf	8
Umhverfi leikskólans	8
Stoðþjónusta	9
Farsæld	9

Símanúmer

Símanúmer leikskólans:

4554740 Leikskólastjóri
4554741 Aðstoðarleikskólastjóri

8544186 Hólabær
8544182 Fellabær
8544183 Fjallabær
8544184 Stóri Fjallabær
8474045 Þúfubær



Kæru foreldrar/forráðamenn

Um leið og við bjóðum ykkur og barn ykkar velkomið í leikskólann viljum við gefa upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans og nauðsynlegt er fyrir foreldra/forráðamenn að vita.



Inngangur

Leikskólinn er rekinn af sveitarfélaginu Húnabyggð.

Á leikskólanum eru fimm deildir: Þúfubær, Hólabær, Fellabær, Fjallabæ og Stóri Fjallabær. Starfsstöðvar leikskólans eru tvær, á Hólabraut 17 og á neðri hæð í elsta hluta Húnaskóla. Skrifstofur stjórnenda skólans eru í húsnæði við Hólabraut. Unnið er að því að koma allri skólastarfseminni á einn stað.

Starfsgrundvöllur

Leikskólinn starfar samkvæmt lögum um leikskóla. Lögin kveða á um að leikskólinn sé fyrsta skólastigið og í samræmi við það var gefin út Aðalnámskrá leikskóla sem er stefnumótandi leiðarvísir og lögfest námskrá allra leikskóla.

Grunngildi skólans eru **virðing, vinátta og gleði**. Í leikskóla Húnabyggðar er leikurinn meginnámsleið nemenda. Leikurinn skapar tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar.

Í gegnum leikinn er lögð áhersla á að efla alhliða þroska með því að skapa fjölbreytilegt leikumhverfi bæði úti og inni. Við leggjum mikla áherslu á að stuðla að öryggi og vellíðan nemenda og að þeir fái hvatningu og viðfangsefni við hæfi. Leikskólinn er Vináttuskóli, Lubbaskóli og er að stíga sín fyrstu skref sem heilsueflandi leikskóli.

Leikskóli Húnabyggðar gefur út sína skólanámskrá (er í vinnslu) en þar er gerð grein fyrir því hvernig leikskólinn hyggst vinna að þeim markmiðum sem aðalnámskrá leikskóla setur, hvaða leiðir verða farnar og hvernig staðið er að mati.

Skólanámskrá byggir á skólastefnu sveitarfélagsins (hefur ekki verið gefin út). Leikskólinn gerir starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald leikskólans. Þar koma einnig fram helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leik- og grunnskóla sem og stoðþjónustu.



Opnunartími leikskólans

Leikskólinn er opinn frá 7:45 – 16:15 mánudaga til föstudaga.

Skipulagsdagar starfsfólks leikskólans eru fimm á ári. Skipulagsdagar eru notaðir til endurmenntunar og vinnu við skipulag skólastarfsins. Leikskólinn er lokaður þessa daga. Tveimur af skipulagsdögum er skipt niður í sjö tveggja tíma fundi og þá daga er lokað kl. 14:00.

Ekki er leyfilegt að koma með nemanda í leikskólann eða sækja hann milli kl. 11:00 og 13:00 nema um annað sé samið. Á þessum tíma er matar- og hvíldartími hjá börnunum.

Matmálstímar skólans eru morgunmatur kl. 8:30 – 9:00, hádegismatur kl. 11:30 – 12:00, síðdegishressing kl. 14:10 – 14:45.

Leikskólinn lokar 4 vikur á hverju sumri. Hvert barn þarf að taka 4 vikur samfelldt í sumarleyfi. Hægt er að sækja um gjaldfrjálsa framlengingu á sumarleyfi allt að 4 vikum til viðbótar. Sækja þarf um gjaldfrjálsa viðbót til leikskólastjóra og þarf hún að vera í tengslum við sumarlokun skólans.



Skólasókn

Mikilvægt er að barnið mæti vel og stundvíslega í leikskólann.

Mikilvægt er að foreldrar virði dvalartíma barnsins. Ávallt skal láta vita um komu barnsins í leikskólann og brottför þess. Morgunmatur er frá 8:30 – 9:00 og því er mikilvægt að barnið sé komið eigi síðar en 8:50 ef það á að borða morgunmat í leikskólanum. Skipulagt starf hefst eftir kl. 9:00 og hvetjum við foreldra að hafa það í huga.

Foreldrar eru beðnir að láta vita ef einhver ókunnugur sækir eða kemur með barnið í leikskólann, en viðkomandi þarf að vera a.m.k. 12 ára. Foreldrar eru beðnir að tilkynna ef barnið er fjarverandi t.d. vegna veikinda.



Foreldrasamvinna

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Mikilvægt er að náíð samstarf, gagnkvæmt traust og virðing skapist á milli heimilis og leikskóla.

Upplýsingar til foreldra

Upplýsingatöflur hanga uppi í fataklefum deildanna, þar komum við á framfæri upplýsingum til foreldra. Upplýsingar eru einnig birtar á Facebooksíðu foreldra sem og í tölvupósti. Verið er að vinna að nýrri heimasíðu en hugmyndin er að þar verði hægt að finna allar grunnupplýsingar er varða leikskólann.

Leikskólinn notar Karellen vefkerfið en kerfið felur í sér allt utan um hald og helstu grunnupplýsingar um skólann, nemendur, aðstandendur og starfsmenn.

Þá hafa aðstandendur einnig aðgang að vefkerfinu, en appið nýtist þeim betur fyrir daglega notkun. Appið er sá hluti kerfisins sem er í hvað mestri daglegri notkun. Appið er einfalt og þægilegt í notkun. Appið er bæði til fyrir Android og iOS stýrikerfi og er aðgengilegt í Google Playstore og Appstore. Frekari upplýsingar er hægt að finna á heimasíðu vefkerfisins <https://www.karellen.is>

Mikilvægt er að grunnupplýsingar um nemendur séu ávallt réttar hjá leikskólanum þ.e.a.s. símanúmer, netfang og heimilisfang. Einnig er áriðandi að upplýsingum um ofnæmi, fæðuóþol og annað er varðar hagi barnsins sé komið til skila. Foreldrar skulu láta viðkomandi deildarstjóra vita ef breytingar verða á grunnupplýsingum. Mikilvægt er að vera í góðu sambandi við deildarstjóra varðandi þarfir barnsins.

Starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu samkvæmt siðareglum kennara og lögum og reglugerðum er fjalla um umönnun barna.



Leikskólagjöld

Leikskólagjöld reiknast samkvæmt gildandi gjaldskrá hverju sinni, gjaldskrá má finna á heimasíðu Húnabyggðar. Dvalargjald er greitt fyrir fram. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 1 mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Uppsagnarmánuðurinn er aldrei gjaldfrír mánuður. Dvalargjaldið skerðist ekki þrátt fyrir frídaga eða fjarveru barns og tekið er fullt gjald frá 1. degi í aðlögun.



Fatnaður

Klæðnaður barnanna þarf að vera í samræmi við veðurfar og hafa ber í huga að veður getur breyst snögglega. Merkja skal föt barnanna á greinilegan hátt, sérstaklega útiföt, þá eru minni líkur á að fötin glatist. Mikilvægt er að fötin séu þægileg og hefti ekki hreyfingu barnanna. Nauðsynlegt er að hafa aukafatnað meðferðis í leikskólanum. Aukafötin eru oftast geymd í glærum plastkössum í hólfum barnanna (breytilegt eftir deildum). Gott er að hafa í kassanum föt sem ykkur er ekki annt um því ef þau geymast lengi vaxa börnin upp úr þeim. Foreldrar eru vinsamlega beðnir að fylgjast vel með og fylla á kassann eftir þörfum. Leita skal upplýsinga hjá viðkomandi deildarstjóra um hvað best er að hafa aukalega. Það er gott að yfirfara fötin og halda þeim í lagi t.d. á teygjum, smellum og rennilásnum. Foreldrar þurfa að passa að koma með bleyjur fyrir þau börn sem á því þurfa að halda, snuð, pela og kúrudýr þar sem það á við. Þegar börn eru að hætta með bleyjur þarf oft að auka aðeins í kassann meðan á því stendur. Í hólfi barnsins þurfa alltaf að vera: Húfa, þunn húfa/buff, regnbuxur, regnjakki, úlpa, stígvél, skór, hlý innanundirföt (flís eða ullarföt,) 2 vettlingapör, pollavettlingar. Yfir vetrartímann þarf að bæta við kuldagalla, kuldaskóm, ullarsokkum, lambhússettu og jafnvel fleiri vettlingapörum. Það er gott að geyma þunna fingravettlinga heima yfir köldustu mánuðina. Leikskólinn er vinnustaður barnanna. Þess vegna er mikilvægt að þau séu í „vinnufötum“, þ.e.a.s. fötum sem þola vinnu með lím, liti, málningu eða útivinnu. Vinsamlega tæmið hólf barnsins í vikulok og takið vagna með heim (ef það á við) til að auðvelda þrif. Þeir nemendur sem fara í íþróttir þurfa ekki að koma í sérstökum íþróttafötum en mikilvægt er að þau séu í þægilegum fatnaði sem heftir ekki hreyfigetu og óheppilegt er að vera í sokkabuxum þar sem þau eru berfætt í tímunum. Nemendur elsta árgangs leikskólans fá sundkennslu. Í sundtöskunni þarf að vera, auk sundfatnaðar, með handklæði og ef þau eru vön að nota sundgleraugu er gott að þau séu með þau.



Afmæli

Afmælisdagur er stór dagur í lífi hvers einstaklings. Á afmælisdaginn sjálfan fá börnin kórónu, það er sungið fyrir þau og þau fá að hjálpa til þann daginn að t.d. sækja matarvagninn inn í eldhús. Haldin er ein "afmælisveisla" á deildinni í hverjum mánuði fyrir þau börn sem eiga afmæli í þeim mánuði. Þá fá börnin að bjóða upp á popp eða saltstangir. Foreldrar eru vinsamlega beðnir um að boð í afmæli fari fram utan skólans nema verið sé að bjóða öllum nemendum á viðkomandi deild.



Íþróttaskóli

Tveir elstu árgangarnir fara í íþróttaskóla einu sinni í viku undir handleiðslu íþróttakennara, starfsfólk deildanna aðstoðar í tímunum. Þar er hreyfiproski efldur, þol, samvinna í hóp o.fl. Elsti árgangurinn fær einnig sundkennslu einu sinni í viku.

Samstarf milli skólastiga

Eins og er er elsti árgangur leikskólans staðsettur í húsnæði Húnaskóla. Það gerir allt samstarf auðveldara og einnig kynnast þau vel umhverfi grunnskólans, reglum og venjum. Skólaheimsóknir í grunnskólann hefjast að hausti fyrir elsta árgang leikskólabarna. Nemendum er skipt í tvo hópa og fer hver hópur aðra hvora viku í kennslustund með hluta af nemendum í 1. og 2. bekk. Sá hópur sem er eftir á deildinni tekur á móti hinum hluta 1. og 2. bekkjar á Stóra-Fjallabæ.

Öðruvísi dagar

Nemendur á hverri deild kjósa um hvernig daga þeir vilja hafa og skiptast deildarnar á að velja. Vinsamlega athugið að ekki er leyfilegt að koma með leikföng í skólann nema á auglýstum dótadögum.

Foreldrafélag

Við leikskólann er starfandi foreldraráð og foreldrafélag.

Stjórn félagsins starfsárið 2024-2025:

Auður Ingimundardóttir, Ásdís Adda Ólafsdóttir, Elvar Ingi Jóhannesson, Morgan Christina Bresko og Ragnheiður Jónsdóttir og Ágústa Rós Ingibjörnsdóttir.

Foreldraráð 2024-2025: Helga Margrét Jóhannesdóttir, Árný Dögg Kristjánsdóttir og Alma Dögg Guðmundsdóttir

Starfsreglur Foreldrafélags Leikskóla Húnabyggðar

- 1 gr.** Félagið heitir Foreldrafélag Leikskóla Húnabyggðar.
- 2. gr.** Félagar eru allir foreldrar og forráðamenn barna í Leikskóla Húnabyggðar.
- 3. gr.** Markmið foreldrafélagsins er að:
 - a) vera samstarfsvettvangur foreldra og forráðamanna sem eiga börn í skólanum



- b) verja hagsmuni barna varðandi velferð, öryggi, aðbúnað og fræðslu innan skólans sem utan.
- c) vera sameiginleg rödd foreldra og forráðamanna barna við skólann varðandi skóla- og uppeldismál.
- d) standa fyrir sameiginlegum skemmtunum og viðburðum fyrir börn skólans og fjölskyldur þeirra.

4. gr. Aðalfund skal halda á tímabilinu 15. sept. – 31. október ár hvert. Stjórn skal boða til hans í samráði við skólastjórnendur með minnst 10 daga fyrirvara. Aðalfundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað – með auglýsingum í skólanum, á heimasíðu eða samfélagsmiðlum skólans eða með sérstökum tilkynningum til foreldra.

Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

- a) Kosning fundarstjóra og fundarritara
- b) Skýrsla um starfsemi félagsins
- c) Reikningar félagsins lagðir fram til kynningar
- d) Breytingar á starfsreglum
- e) Ákvörðun félagsgjalda
- f) Kosning til stjórnar
- g) Önnur mál

5. gr. Foreldrar skulu hafa eitt atkvæði fyrir hvert barn. Einfaldur meirihluti fundarmanna ræður úrslitum mála, nema skv. 11. gr. hér á eftir.

6. gr. Kosning til stjórnar félagsins skal fara fram á aðalfundi. Stjórn skal skipuð 6 fulltrúum foreldra auk fulltrúa leikskólans sem jafnframt skal vera tengiliður við skólann. Leitast skal við að hver árgangur leikskólans eigi fulltrúa í stjórninni. Að lágmarki skulu 2 fulltrúar fráfarandi stjórnar sitja áfram í nýrri stjórn. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar. Þar skal kosið í embætti formanns, gjaldkera og ritara.

7. gr. Stjórn félagsins er heimilt að óska eftir framlagi í formi félagsgjalda frá foreldrum og forráðamönnum, einu sinni á hvorri önn. Félagsgjöld skulu vera þau sömu fyrir öll heimili óháð fjölda barna sem frá því koma. Hámarksfjárhæð félagsgjalds skal ákveðin á aðalfundi félagsins ár hvert og gjaldtakan kynnt foreldrum sérstaklega hverju sinni.

8. gr. Stjórn félagsins hefur forgöngu um alla vinnu við starfsemi þess. Val verkefna og vinna stjórnarmanna skal vera innan ramma markmiða félagsins og í samræmi við ákvarðanir aðalfundar. Stjórn kemur saman svo oft sem þurfa þykir, formaður stjórnar boðar til stjórnarfundar. Hver fulltrúi í stjórn getur krafist stjórnarfundar. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Haldin skal fundargerð um ákvarðanir stjórnarfunda.

9. gr. Reikningsárið er 1. október til 30. september ár hvert.

10. gr. Formaður situr sem áheyrnarfulltrúi á fræðslunefndarfundum sveitarfélagsins. Til vara sendir formaður annan stjórnarmeðlim.

11. gr. Tillögur til breytinga á starfsreglum verða að hafa borist stjórn skriflega í síðasta lagi 3 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Breytingar á starfsreglum ná því aðeins fram að ganga að 2/3 fundarmanna greiði þeim atkvæði.

12. gr. Félaginu verður því aðeins slitið, að félagsslitin séu samþykkt á sama hátt og gildir um breytingar á starfsreglum. Við slit félagsins renna allar eignir þess til Leikskóla Húnabyggðar.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru einu sinni á ári og eru þau tekin í kringum afmælisdaga barnanna af deildarstjóra. Foreldrar eða starfsfólk geta þó ávallt óskað eftir viðtali ef þess er þörf af einhverjum ástæðum.



Veikindi og lyfjagjöf

Ef nemandi er með hita eða smitandi sjúkdóm getur hann ekki komið í leikskólann. Miðað er við að nemandi sé hitalaus í að minnsta kosti einn sólahring áður en hann kemur aftur í leikskólann. Útivera er hluti af leikskólastarfinu og er gert ráð fyrir að börn sem mæta í skólann séu það frísk að þau geti tekið þátt í útiveru að minnsta kosti stutta stund. Í undantekningartilfellum eftir langvarandi eða síendurtekin veikindi getur nemandi fengið að vera inni og skal sú ákvörðun tekin í samráði við deildarstjóra viðkomandi deildar. Lyf eru ekki gefin í leikskólanum nema í sérstökum tilfellum og þá með skriflegum leiðbeiningum frá lækni.

Ef nemandi kemur ekki í leikskólann vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, látið starfsfólk vinsamlegast vita að morgni dags á Karellen eða í síma. Ef nemandi hefur greinst með óþol, ofnæmi, astma eða annað sem krefst sérstakrar meðhöndlunar í leikskóla skal það tilkynnt til stjórnenda og viðkomandi deildarstjóra.

Umhverfi leikskólans

Útblástur frá bílum er í sömu hæð og nemendur skólans og því skal ávalt stöðva vél bifreiðar meðan farið er inn í leikskólann. Einnig getur útblástur borist inn um opna glugga skólans. Virðum umhverfið og hreina loftið!

Þeir sem koma með og sækja nemendur í skólann eru vinsamlega beðnir um að loka hliðum sem ganga þarf um.



Stoðþjónusta

Í leikskólanum er snemmtæk íhlutun höfð að leiðarljósi. Hugtakið snemmtæk íhlutun þýðir í raun að lögð er áhersla á að vinna markvisst með þroskaframvindu barna með frávík í þroska eins snemma og hægt er. Mikilvægt er að þjálfunin hefjist um leið og frávík í þroska greinist. Til þess að hægt sé að fylgjast með þroska og framförum barns fylla leikskólakennarar út þroskalýsingu á barninu reglulega. Farið er yfir þessar lýsingar í foreldrasamtölum. Allar upplýsingar sem safnast saman um barnið er farið með sem trúnaðarmál gögnin fylgja barninu í grunnskóla nema foreldrar/forráðamenn óski eftir öðru.

Helstu matstæki sem notuð eru við leikskólann eru:

- TRAS er skráning á málþroska ungra barna 2-5 ára
- Orðaskil
- Hljóm-2 er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans.
- Gerd Strand skimun ef kanna þarf þroskætti betur.

Farsæld

Tekið hafa í gildi lög sem styðja við farsæld barna. Þau eiga að sjá til þess að börn og foreldrar hafi greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem þau þurfa og að þau fái rétta aðstoð á réttum tíma, frá réttum aðilum. Með því að tengja þjónustuna saman og vinna í sameiningu að farsæld barna verður auðveldara fyrir börn og foreldra að fá aðstoð við hæfi.



Starfsfólki sem vinnur með og fyrir börn ber að vinna saman að farsæld þeirra. Starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskóla, félags-þjónustu, íþróttatómstunda eða heilbrigðisþjónustu hefur fengið aukna ábyrgð sem felur í sér að koma auga á aðstæður barna og bregðast við strax og þörf er á.

Hér er um að ræða boð um samþættingu þjónustu fyrir foreldra og börn sé þess óskað. Samþætting kemur ekki í veg fyrir að foreldrar sækja sjálfir þjónustu fyrir börn sín. Markmiðið með farsældar-lögunum er að bæta enn frekar þjónustu við börn og fjölskyldur svo þau fái notið þeirrar aðstoðar sem þau eiga rétt á um leið og þess gerist þörf. Útgangspunkturinn í öllu sem við gerum á að vera barnið og hagsmunir þess.

Tengiliður leikskólans er Jenný Lind Gunnarsdóttir, sérkennslustjóri jennylg(hja)hunabyggd.is
Nánari upplýsingar má finn hér <https://www.farsaeldbarna.is/>

Handbók þessi er í stöðugri endurskoðun. Ef eitthvað er óljóst þá er ykkur velkomið að hafa samband við starfsfólk leikskólans.

Næst endurskoðun janúar 2026

Leikskóli Húnabyggðar 2025
Sigríður B. Aadnegard

